

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 11. febrúar 2021: Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um samræmingu á jafnréttisfræðslu í leik og grunnskólum - R21010298

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráð hvetji til þess að kannað verði hvort og þá að hvað miklu leyti jafnréttisfræðsla er samræmd í leik- og grunnskólum. Tillaga Flokks fólksins að Reykjavíkurborg geri úttekt á jafnréttisfræðslu í leik- og grunnskólum, hvernig henni er háttáð og hvernig hún hefur þróast undanfarna áratugi er vísað í hóp til frekari skoðunar og mætti þessi tillaga um samræmingu gjarnan fylgja með. Allir eru sammála um að jafnréttisfræðsla eigi að vera í skólum enda er það í lögum. Ekki er vitað hvort og þá hvernig slíkri fræðslu er háttáð. Eitt er að setja lög, reglur, námsskrá, skýrslur og viljayfirlýsingar en annað að fylgja því eftir, sjá til þess að þessu verður framfylgt. Einnig þarf að vera til viðeigandi og vandað námsefni sem er enn önnur ella.